



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 15. september 2026

SFS26080135

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Vinstrisins um verkefni sem hafa átt bakland í frístundamiðstöðvum

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 31. ágúst 2026, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Vinstrisins:

Starf fyrir eldri ungmenni, 16+ starf Miðbergs og Hinsegin félagsmiðstöð Tjarnarinnar eiga sér bakland í starfsemi frístundamiðstöðvanna. Reykjavíkurráð ungmenna sækir fulltrúa sína til ungmennaráða frístundamiðstöðvanna. Hver verður framtíð þessara verkefna eftir hagræðingarbreytingar á stjórnskipulagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs sem meirihluti borgarráðs samþykkti þann 25. ágúst sl.?

Svar:

Skipulagsbreytingarnar beinast fyrst og fremst að stjórnsýslu, skipulagi og stoðþjónustu en ekki að þeirri þjónustu og starfsemi sem veitt er beint til barna og ungmenna á vettvangi.

Ungmennastarf fyrir 16+ sem er rekið í Breiðholti er fjármagnað að mestu leyti af styrk frá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Samningur vegna fjárstuðnings frá mennta- og barnamálaráðuneytinu nær eingöngu til ársloka 2026 og í ráðuneytinu liggur umsókn um styrk vegna ungmennastarfs fyrir árið 2027 sem ekki hefur borist svar við. Verkefnastjóri sem stýrir ungmennastarfinu í Breiðholti heyrði undir frístundamiðstöðina Miðberg en auk verkefnastjóra starfar starfsfólk í hlutastarfi í verkefninu. Við stjórnskipulagsbreytingar s.l. mánaðarmót færirst starfsfólk verkefnisins undir stjórn deildarstjóra frístundastarfs í austurhluta borgarinnar. Deildarstjóri frístundastarfs í austurhluta borgarinnar starfar á skrifstofu frístundamála hjá skóla- og frístundasviði.

Starfsemi Hinsegin félagsmiðstöðvar Samtakanna 78 og Tjarnarinnar heyrði undir frístundamiðstöðina Tjörnina. Eftir skipulagsbreytingar færirst verkefnið undir stjórn deildarstjóra í vesturhluta borgarinnar. Breyta þarf nafni félagsmiðstöðvarinnar í Hinsegin félagsmiðstöð í ljósi þess að búið er að leggja niður frístundamiðstöðina Tjörnina. Búið er að skipa teymi sérfræðings í frístundastarfi og verkefnastjóra Jafnréttisskóla skóla- og frístundasviðs til að styðja við Hinsegin félagsmiðstöðina. Framtíð Hinsegin félagsmiðstöðvar er ávallt til umræðu. Skóla- og frístundasvið hefur fjármagnað rekstur félagsmiðstöðvarinnar og eins hafa frístundamiðstöðin ásamt Samtökunum 78 og Hinsegin félagsmiðstöðinni sótt mikið sjálfsaflafé/styrki til að halda úti fagstarfinu sem þar fer fram. Framtíð félagsmiðstöðvarinnar tengist ekki þeim breytingum á stjórnskipulagi sem að samþykktar voru í borgarráði 25. ágúst 2026 en þjónustustig félagsmiðstöðvarinnar hefur verið í óvissu síðan hún tók til starfa þar sem þátttaka og



Reykjavík



Þörf á þjónustu er mikil og umfram þann fjárhagsramma sem félagsmiðstöðin hefur til umráða.

Það starfa sex ungmennaráð í Reykjavík en það eru Ungmennaráð Breiðholts, Ungmennaráð Kjalarness, Ungmennaráð Árbæjar og Holta, Ungmennaráð Grafarvogs, Ungmennaráð Laugardals, Bústaða og Háleitis, Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Ráðin munu starfa áfram og starfsfólk félagsmiðstöðva í viðkomandi borgarhluta mun vinna með ráðunum eins og verið hefur. Verkefnastjórar á skrifstofu frístundamála munu áfram sinna faglegum stuðningi við starfsfólk.

Markmiðið er sem fyrr að tryggja að starfsemin njóti áfram faglegs stuðnings og skýrrar ábyrgðar innan nýs skipulags.

